



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010
Endurskoðun nr.: 2
Dags.: 25. apríl 2018

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **DELO 400 XLE HD SAE 5W-40**

1.2. Tilgreind notkun Dísilvélarolía.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar
CLP-FLOKKUN Ekki flokkað.

2.2. Merkingaratriði
Hættumerki Ekki hættumerkingarskylt.
Hættusetningar (CLP) Engar hættusetningar.
Inniheldur Langkeðja alkýlfenól.
Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

2.3. Aðrar hættur
PBT/vPvB Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efnispáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Smurolíur (jarðolía), C20-50, vetnismeðhöndlað	CAS# 72623-87-1 EINECS# 276-738-4 REACH# 01-2119474889-13	50-60	Eit. v. ásvelg. 1; H304
Mikið hreinsuð jarðolía (C15-C50)	CAS# * EINECS# Blanda REACH# **	10-15	Ekki flokkað
1-desen, samfjölliða, vetnismeðhöndluð	CAS# 68037-01-4 EINECS# 500-183-1 REACH# 01-2119486452-34	10-15	Eit. v. ásvelg. 1; H304
Bis(nónýlfenýl)amín	CAS# 36878-20-3 EINECS# 253-249-4 REACH# 01-2119488911-28	0,5-2,5	Langv. eit. á vatn. 4; H413
Hindrað alkýlfenól, estri	CAS# 125643-61-0 EINECS# Trúnaðarmál	0,5-2,5	Langv. eit. á vatn.4; H413

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

*Inniheldur eitt eða fleiri eftirtaldrá EINECS-númera: 265-090-8, 265-091-3, 265-096-0, 265-097-6, 265-098-1, 265-101-6, 265-155-0, 265-156-6, 265-157-1, 265-158-7, 265-159-2, 265-160-8, 265-161-3, 265-166-0, 265-169-7, 265-176-5, 276-735-8, 276-736-3, 276-737-9, 276-738-4, 278-012-2.

**Inniheldur eitt eða fleiri eftirtaldrá REACH-númera: 01-2119488706-23, 01-2119487067-30, 01-2119487081-40, 01-2119483621-38, 01-2119480374-36, 01-2119488707-21, 01-2119467170-45, 01-2119480375-34, 01-2119484627-25, 01-2119480132-48, 01-2119487077-29, 01-2119489287-22, 01-2119480472-38, 01-2119471299-27, 01-2119485040-48, 01-2119555262-43, 01-2119495601-36, 01-2119474889-13, 01-2119474878-16.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið læknis ef einkenna verður vart.

Eftir snertingu við augu Fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni í a.m.k. 15 mínútur.
Eftir snertingu við húð Skolið húðina með sápu og miklu vatni eða viðurkenndum húðhreinis.
Farið úr óhreinuðum fatnaði og skóm og þvoið fyrir næstu notkun.
Ekki framkalla uppköst. Leitið lækni ef einkenni koma fram.

Eftir inntöku

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif Innöndun olíuúða getur valdið ertingu í öndunarfærum.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Á ekki við.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Froða, vatnsúði, slökkviduft, koltvísýringur.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Sérstök hættu Mjög háð brunaskilyrðum. Myndar flókna blöndu loftborinna agna, vökva og lofttegunda við hitaniðurbrot, þ.m.t. kolefnisoxíð og lífræn efnasambönd.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Ráðstafanir Efnið er ekki eldfimt, en brennur. Rýmið svæðið ef eldur kemur upp. Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með öndunargrímu sem hylur allt andlitið og stillt á yfirprýsting. Fatnaður (þ.m.t. hjálmar, skór og hanskar) sem uppfyllir skilyrði EN 469 veita grunnvörn í tilviki efnaleka.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNÍ FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Fjarlægjið íkveikjugjafa.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Hindrið dreifingu leka og að hann berist í holræsi, jarðveg eða vatnsfarvegi.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni Komið í veg fyrir frekari leka ef mögulegt án áhættu. Fjarlægjið ílát af lekasvæðinu. Safnið með hvarftregu ísogsefni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Fargið hjá viðurkenndri móttökustöð.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Varist snertingu við augu, húð og fatnað. Takið ekki inn. Þvoið hendur vandlega eftir meðhöndlun. Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru. Farið úr óhreinuðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en matast er. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnni. Jarðtengið og spennujafnið.

7.2. Örugge geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla Umbúðir eru ekki gerðar til að þola yfirprýsting. Reynið ekki að opna umbúðir undir yfirprýstingi. Þær geta sprungið með láttum. Tómar umbúðir innihalda efnaleifar sem getur skapað hættu. Galtæmið umbúðir eftir notkun, lokið þeim tryggilega og fargið hjá viðurkenndri móttökustöð.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Dísilvélarolía.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Almenn atriði

Hugið að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum eignum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Ef tæknilegar ráðstafanir eða verklag er með þeim hætti að ekki dugar til að hindra áverkun efnisins í magni yfir váhrifamörkum, er notkun á neðantöldum hlífðarbúnaði ráðlögð. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tilteknar aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

Efni	8 klst. TWA	Skammtíma	Upplýsingar
Mikið hreinsuð jarðolía (C15-C50)	1 mg/m ³	-	Danmörk

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu aðeins koma til greina eftir að aðrar tæknilegar ráðstafanir hafa verið vandlega yfirvegaðar. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

Hreinlæti

Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvoið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo. Tileinkið ykkur góða umgengni.

Til hlífðar augum

Notið viðurkennd öryggisgleraugu ef hætta er á slettum, úða eða gufu (EN166)

Til hlífðar húð

Venjulega ekki þörf. Notkun hlífðarfatnaðar er góð vinnuregla. Val á hlífðarfatnaði skal byggja á eðli verks og hættum sem því fylgja. Vinnugallar úr pólýester/bómull veita aðeins vörn gegn minniháttar slettum. Vinnugalla skal þvo reglulega.

Til hlífðar höndum

Notið hlífðarhanska ef hætta er á langvinnri eða endurtekinni snertingu við efnið. Notið efnapolna hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374.

Til hlífðar öndun

Ráðlagt (efni; þykkt; gegnþrengingartími): Nítríl; 0,35mm; 240 mín.

Ekki þörf við fullnægjandi loftræstingu. Veljið öndunarhlífar eftir skilyrðum sem uppfylla kröfur staðalsins EN529.

Til verndar umhverfi

Gerðið viðeigandi ráðstafanir til að hindra eða takmarka losun.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Útlit/ástand	Vökvi
Litur	Rafgulur
Lykt	Olía
Blossamark	200°C
Eðlisþyngd	0,85 kg/l við 15°C
Leysni	Óleysanlegt í vatni
Eðlisseigja	70,40 mm ² /s við 100°C

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Getur hvarfast við sýrur eða oxara, s.s. klóröt, nítröt, peroxíð o.fl.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við ráðlagða notkun og geymslu.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Engin skaðleg efnahvörf eða fjölliðun við venjulega notkun og geymslu.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Á ekki við.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Á ekki við.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Engin þekkt.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Augu	Ekki flokkað.
Inntaka	Ekki flokkað.
Húð	Ekki flokkað.
Innöndun	Ekki flokkað.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif Ekki flokkað sem hættulegt umhverfi.

12.2. Þrávirgni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Ekki talið auðveldlega lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engin gögn.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engin gögn.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnid er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Engin þekkt.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur.

Úrgangskóði (EWC) 13 02 05 – Óklóraðar vélar-, gír- og smurolíur úr jarðolíu.

Förgun umbúða Fargið eins og ónotuðu efninu sjálfu. Endurnýtið ekki umbúðir.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Heyrir ekki undir alþjóðlegar reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Ekkert efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

CLP H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.

H413 – Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni.

Skammstafanir **ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum .

Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.

REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.

TWA: Tímavegið meðaltal.

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun 25. apríl 2018.

Endurskoðun nr. 2

Gert þann 28. mars 2019.

Þýðing og uppsetning Reynir Hjálmarsson

Heimild Uno-X Smöreolie A/S, technik@unox.dk.